

Mánudaginn 30. september 1996.

Nr. 354/1996.

Guðrún Bergsdóttir

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Miklagarðs hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmennirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. september 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að viðurkennd verði almenn krafa hennar við skipti þrotabúsins um skaðabætur, að fjárhæð 1.595.196 krónur, auk 1% vaxta frá 21. maí 1993 til 15. júní sama ár, en frá þeim degi til greiðsludags verði dráttarvextir viðurkenndir sem eftirstæð krafa í búið. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar er fallist á, að ekki sé sannað, að slysið verði rakið til sakar af hálfu Miklagarðs hf. eða vanbúnaðar fasteignar félagsins. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. september 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 4. júní 1996 og tekið til úrskurðar 2. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Guðrún Bergsdóttur, kt. 110433-4339, Kríunesi 10, Garðabæ.

Varnaraðili er þrotabú Miklagarðs, kt. 601083-0869, Lágmúla 5, Reykjavík, og réttargæsluaðili er Vátryggingafélag Íslands hf.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi kröfur á hendur varnaraðila:

1. Að skaðabótakrafa sóknaraðila, að fjárhæð 1.595.196 kr., verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Miklagarðs hf.
2. Að viðurkenndir verði sem almenn krafa vextir af höfuðstól, 1.595.196 kr., sem reiknist 1% frá 21. 5. 1993 til 15. 6. 1993.
3. Að viðurkenndir verði sem eftirstæð krafa dráttarvextir frá 15. júní 1993.
4. Að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins.

Engar kröfur eru gerðar á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf.

Varnaraðili gerir þær kröfur aðallega, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og henni gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati réttarins, en til vara, að kröfufjárhæðir verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu Vátryggingafélags Íslands hf. eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur.

II.

Hinn 21. maí 1993 var sóknaraðili á leið út úr verslun Miklagarðs hf. við Garðatorg í Garðabæ með innkaupapoka í hendi, er hún rann til og féll á gólf verslunarinnar. Samkvæmt vætti Höllu Sigríðar Þorvaldsdóttur, Sunnuflöt 24, Garðabæ, var hún samferða sóknaraðila út úr versluninni, og er vitnið leit til hliðar, sá hún, hvar sóknaraðili var lárétt í loftinu og skall svo á gólfið. Þá hefur vitnið Ragnheiður Jónsdóttir, Markarflöt 5, Garðabæ, mágkona sóknaraðila, skýrt svo frá fyrir dómi, að hún hafi komið að sóknaraðila liggjandi á gólfinu. Sá vitnið þá bleytu úr vínberi á gólfinu og rák úr því og sagði sóknaraðila, að hún hefði runnið á vínberinu. Engin önnur bleyta en eftir vínberið hafi hins vegar verið á gólfinu. Í lögregluskýrslu Kristjáns Ólafs Guðnasonar um atburðinn segir, að á gólfinu hafi sést smá-„pollur“, þar sem sóknaraðili hafi legið, og að í „pollinum“ hafi verið ávaxtahýði. Lögreglumaðurinn hefur komið fyrir dóm og greint frá því, að ekkert regnvatn hafi verið á gólfi verslunarinnar umrætt sinn, en bleyta verið á því á litlu svæði, að öllum líkindum eftir eitthvað, sem lekið hefði úr poka. Í skýrslu Eysteins Sigurðssonar, fyrverandi verslunarstjóra í umræddri verslun, kemur fram, að svo hafi vírst sem sóknaraðili hafi stigið ofan á vínber, sem legið hefði á gólfinu í vökva úr því, en engin önnur bleyta hafi verið þar.

Við fallið hlaut sóknaraðili meiðsl á vinstra hné. Voru meiðsl hennar

könnuð á slysideild Borgarspítalans, og sýndu röntgenmyndir kurlað brot á hnénu. Var sóknaraðili þá send á bæklunarskurðdeild Landspítalans og gekkst undir aðgerð næsta dag. Í ljós kom, að fjarhluti brots var það kurlaður, að ekki reyndist unnt að koma beinbrotinu saman með góðu móti, og þurfti því að fjarlægja hluta af hnéskel í aðgerðinni. Mat Björn Öundurson læknir varanlega örorku sóknaraðila vegna slyssins 15% 20. júlí 1994.

Við skipti á búi varnaraðila fékk sóknaraðili komið bótakröfu sinni að á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 21/1991, en skiptastjórar höfnuðu kröfunni á skiptafundi 14. maí 1996, og var málinu síðan vísað til úrlausnar dómsins.

III.

Sóknaraðili kveður tjón sitt verða rakið til sakar starfsmanna Miklagarðs hf., og beri fyrirtækið, nú þrotabúið, ábyrgð á því gagnvart sóknaraðila samkvæmt hinni ólögfestu reglu um vinnuveitendaábyrgð. Þar sem réttargæsluaðili, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi tryggt verslun Miklagarðs hf. ábyrgðartryggingu, er umrætt slys varð, beri sá aðili skaðabótaábyrgð á slysi sóknaraðila samkvæmt 91. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, og sé það því réttargæsluaðili í málinu.

Sóknaraðili hafi fallið við það að stíga í vatnspoll á gólfi verslunarinnar, en í honum hafi verið vínber eða vínberjahýði. Í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, nr. Rb Sq3.010, sé bent á, að stórmarkaðir séu meðal þeirra staða, þar sem hætt sé við sleipu. Sé því haldið fram, að forsvarsmönnum og öðrum starfsmönnum Miklagarðs hf. hafi verið þetta ljóst eða a. m. k. mátt vera það. Beri eigendum verslana að sjá til þess, að viðskiptavinir þeirra geti sinnt erindum sínum án þess að eiga það á hættu að verða fyrir tjóni. Þeim beri að sjá til þess, að ekki séu þær aðstæður, sem auðveldlega geti haft í för með sér slyshættu. Sóknaraðili telur, að þegar ekki sé þurrkað upp vatn af gólfi verslana og rusl, í þessu tilfelli ávaxtahýði, sem oft sé afar sleipt, sé ekki fjarlægt af gólfi þeirra, aukist slyshætta verulega fyrir viðskiptavini. Starfsmönnum Miklagarðs hf. hafi mátt vera ljóst, að við inngang í verslunum sé ávallt hætta á, að óhreinindi og vatn setjist á gólf. Þetta eigi sérstaklega við um íslenskar aðstæður, þegar regnvatn geti auðveldlega borist inn í miklum mæli af götu. Starfsmenn Miklagarðs hf. hefðu því átt að sjá til þess, að gólfinu væri haldið sem hreinustu með reglubundnum þrifum eða annar sá búnaður, eins og ristar eða mottur, er kæmi í veg fyrir hálku, væri á staðnum. Þar sem þeir hafi ekki séð um, að þetta væri gert, hafi þeir bakað félaginu bótaskyldu, svo að viðurkenna beri kröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í búið.

Pá hefðu viðvörðunarskilti átt að vara viðskiptavinum við hálfu á gólfum. Hljóti þetta að teljast sérstaklega brýnt á stöðum, þar sem vitað sé, að hálkuskilyrði myndist auðveldlega, eins og sé í þessu tilviki. Engin skilti hafi verið við slyssaðinn, og verði að telja það starfsmönnum Miklagarðs hf. til sakar, eins og hér á standi.

Sóknaraðili bendir á reglur um húsnæði vinnustaða nr. 493/1987, en þar segir í gr. 6.5.: „Gera skal ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfum, þar sem þess gerist þörf.“ Í þessu máli sé þörfin augljós, þótt ekki væri nema vegna þessa eina slyss. Hins vegar hafi ekki verið bent á neinar þær ráðstafanir, sem gerðar hafi verið í húsnæði Miklagarðs hf. til þess að mæta þessari þörf. Samhljóða regla hafi verið í reglugerð nr. 225/1975, sem í gildi hafi verið, þegar hús verslunarinnar var reist (1984).

Sóknaraðili bendir í þessu sambandi einnig á gr. 7.6.4.4. í byggingarreglugerð nr. 292/1979; en þar segir: „Við hönnun gólfa, þar sem búast má við mikilli bleytu, s. s. í frystihúsum, þvottahúsum og sundstöðum, skal þess gætt að nota ekki gólfefni, er valda slysaþættu vegna hálfu.“ Þrátt fyrir það að búast megi við meiri bleytu í t. d. þvottahúsum en stórmörkuðum, verði að skilja ákvæðið svo, að almennt eigi ekki að nota gólfefni, sem auðveldlega geti orðið hál.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að ósönnuð sé nokkur sök hans eða starfsmanna hans á slysi sóknaraðila, sem rekja megi til óhappatilviljunar og vangæslu hennar sjálfar. Beri sóknaraðili sönnunarbyrðina um saknæm atvik að slysinu.

Samkvæmt því, sem fyrir liggi, hafi gólf verslunarinnar Miklagarðs hf. verið tandurhreint og engin vatnsbleyta þar eða hálka. Hafi verið tilviljun ein, að smá-vætublettur hafi komið á gólfið af krömdum ávexti, líklega vínberi, sem dottið hafi á gólfið úr poka viðskiptavinar. Á því hafi sóknaraðila skrikað fótur og fallið á hnéd. Hafi það verið eins og hver önnur óhappatilviljun og ekki unnt að meta starfsmönnum Miklagarðs hf. það til sakar. Sé ógerlegt að afstýra því í verslunum sem og annars staðar, þar sem þröng sé á þingi og fjöldi viðskiptavina leggi leið sína um, að aldrei berist væta eða ávaxtahýði á gólf með þeim eða úr innkaupapokum þeirra eða körum, og ógerlegt sé að viðhafa slíka varðgæslu, að strax sé eftir tekið og hreinsað upp. Hafi sóknaraðili ekki heldur séð vínberið eða ávaxtahýðið á gólfinu, fyrr en skaðinn hafi verið skeður. Hafi sóknaraðili þar ekki við aðra að sakast en sjálfa sig. Hins vegar sé rangt og ósannað, sem lögmaður sóknaraðila drótti að í greinargerð sinni, að skort hafi á reglubundin gólfþrif og vantað hafi gólfrestar og mottur til varnar fyrir bleytu og hálfu. Engri bleytu eða hálfu hafi verið til að dreifa í versluninni, er kallað hafi á slíkar ráðstafanir

sem gólfristar eða mottur. Engu hafi heldur verið áfátt um reglubundin gólfþríf. Verði gólfum í verslunum eða stórmörkuðum ekki jafnað við blaut og sleip gólf í frystihúsum, þvottahúsum eða sundlaugum, eins og lögmaður sóknaraðila láti að liggja í greinargerð.

Þá sé út í hött, sem lögmaður sóknaraðila haldi fram, að starfsmenn Miklagarðs hf. hefðu átt að setja viðvörunarmerki um hálfu á gólfum. Engri hálfu hafi verið til að dreifa og því ekkert, sem kallað hafi á slíkt, enda hafi gólfið verið tandurhreint. Þá hafi engar sönnur verið færðar á það, að gólfefni á gólfum verslunarinnar hafi verið óforsvaranleg, og hafi þau verið í samræmi við lög og reglur og ekki til þess fallin að verða hál og í engu frábrugðin því, sem tíðkist í öðrum verslunum.

Ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða, sem sóknaraðili vísi til, eigi ekki við um gólf verslana, heldur gólf þvottahúsa, frystihúsa, sundstaða og annarra slíkra vinnustaða, þar sem jafnan sé blautt og veruleg hætta á hálfu og sleipu, eins og fram komi í ákvæðunum. Slíku hafi ekki verið til að dreifa á gólfum verslunarinnar frekar en í öðrum verslunum.

Að lokum mótmælir varnaraðili bæði kröfufjárhæð sóknaraðila sem allt of hárrí og vaxtakröfum hennar.

IV.

Framburður vitna, sem komið hafa fyrir dóm út af máli þessu, er á einn veg um það, að regnvatn hafi ekki borist inn í verslun Miklagarðs hf. umræddan dag, áður en slysið varð, heldur hafi bleyta sú, sem var á gólfinu, er komið var að sóknaraðila, eingöngu stafað frá vínberi, sem ummerki voru þar eftir. Verður orsök slyssins því ekki rakin til hálfu á gólfinu vegna utan- aðkomandi regnvatns. Þá er með öllu ósannað, að gólfefni í versluninni, þar sem slysið varð, hafi ekki verið í samræmi við lög og reglur og þar með slysavaldandi. Af framansögðu er ljóst, að ekki var neitt sérstakt tilefni fyrir varnaraðila til að setja upp viðvörunarmerki um hálfu á gólfum verslunarinnar.

Af vætti vitna verður hins vegar beinlínis ráðið, að slysið hafi orðið vegna þess, að sóknaraðili steig annaðhvort á vínber, hýði þess eða vökva úr því á gólfi verslunarinnar.

Almennt verður ekki talið, að sérstök hætta stafi af vínberjum eða hýði þeirra við inngang matvöruverslana, og þá verður ekki heldur almennt gert ráð fyrir, að slíkt sé þar að finna. Er fallist á það með varnaraðila, að ógerlegt sé að afstýra því í verslunum sem og annars staðar, þar sem þröng er á þingi og fjöldi viðskiptavina á leið um, að aldrei berist væta eða ávaxtahýði á gólf með fólkinu eða detti úr innkaupapokum þess eða körfum, og að ómögulegt sé að viðhafa slíka gæslu, að strax sé eftir tekið og hreinsað upp.

Er það því niðurstaða dómsins, að ósannað sé, að orsök slyssins verði rakin til saknæmrrar vanrækslu sóknaraðila eða starfsmanna hans eða vanbúnaðar fasteignarinnar, heldur verði að telja, að um hreina óhappatilviljun hafi verið að ræða greint sinn. Ber því að hafna þeirri kröfu sóknaraðila í máli þessu, að skaðabótakrafa hennar, að fjárhæð 1.595.196 kr., verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Miklagarðs hf., en eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Guðrúnar Bergsdóttur, að skaðabótakrafa hennar, að fjárhæð 1.595.196 kr., verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Miklagarðs hf., er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.
